

1869.

25. ágúst.

„þremur verzlunarstöðuum, Seyðisfjarðar, Eskifjarðar og Berufjarðar til útbýtingar gefins meðal hinna bágstöddustu, og með því að stjórnarráðinu er kunnugt, að kaupmennirnir hér hafa sent kornmat til þessara verzlunarstaða, þá þykir ekki vera nægt tilefni til að gjöra neinar sérstaklegar ráðstafanir til að stemma stiga við hættu þeirri, er menn eru hræddir við; en reynist það, að hjálp sú, sem nefndin hefir látið í té, sé ónóg, þá verður stjórnarráðið að vísa yður á að hlutast um, að aukaútsvarið til fátækra í sveitunum verði fært upp, og, ef þörf gjörist, að snúa yður að amtmanninum yfir norður- og austuramtinu, sem skrifað hefir verið hëðan í dag um það efni, til þess að fá styrk úr jafnaðarsjóðnum til að bæta úr vandræðunum“.

Um leið og yður er tilkynnt þetta, herra amtmáður, yður til leiðbeiningar, eruð þér beðnir um að borga sýslumanninum í Suðurmúlasýslu fê það, er hann þarfnast í þessu efni, af upphæð þeirri, sem jafnaðarsjóður amtsins á í peningum, að svo miklu leyti sem hún brökkur til, og er yður þar á ofan veitt heimild til, ef þörf gjörist, að fá lán hjá kaupmönnum eður öðrum í þessu skyni á kostnað jafnaðarsjóðsins.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ýmsar ráðstafanir til að bæta úr ástandinu á Vestmannaeyjum.

25. ágúst.

Með bréfi dagsettu 15. f. m. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað tvö bænarskjöl, þar sem sýslumaðurinn og fátækra stjórnin á Vestmannaeyjum sækja um, að sveitinni verði veittar 100 til 200 tunnur af kornmat að gjöf. Þér hafð skýrt frá, að yður virðist nauðsyn til bera, að sveitarfélagi þessu verði veittur sérstaklegur styrkur til þess að afstýra hættu fyrir hallæri að vetri komanda, og að, eptir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru, megi álíta nægilegt, ef að veittir yrði 700 rd. í þessu skyni. Útaf því, að ekki er goldin nein tíund til fátækra af jardagózinu á Vestmannaeyjum, af því að það er eign ríkis-

1869.

25. ágúst.

sjóðsins, og að ekki er heldur jafnað á hann sem eiganda jarðagózsins neinu útsvari til forlagseyris þurfamönnum, hafið þér, herra stiptamtmaður, þar að auki mælt fram með, að hlutaðeiganda umboðsmanni verði sagt fyrir um að gjalda framvegis hina venjulegu tíund til fátækra af tæðu jarðagózi, og að fátækra sjóði Vestmannaeyja verði veitt sjálfkrafa 50 rd. tillag til fátækra af umboðstekjunum árlega í 3 ár.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að, með því að stjórnarráðið hefir fengið vitneskju frá nefndinni, sem sett hefir verið hér í bænum til að afstýra hallæri í suðuramtinu og vesteramtinu, um að tæð nefnd hafi sent 100 tunnur af kornmat upp til Vestmannaeyja, til þess að nefndin í Reykjavík fái þær til umráða til útbýtingar á eyjunum, ef að nauðsyn virðist til þess bera, og með því að stjórnarráðið verður að álíta samkvæmt upplýsingum þeim, er þér, herra stiptamtmaður, hafið látið í tæ, að allri hættu fyrir hallæri sè afstýrt með því, þykir ekki vera þörf á að gjöra neinar sèrstaklegar ráðstafanir í þessu efni. Útaf hinum öðrum tillögum yðar, herra stiptamtmaður, skal þess þar að auki getið, að þaræð aukaútsvarið til fátækra er gjald, sem hvílir á mönnum sjálfum (*personlig Skat*), getur ekki verið umtalsmál, að ríkissjóðnum beri, sem eiganda jarðagózsins á Vestmannaeyjum, að greiða neitt aukaútsvar, en um tillögur yðar um, að goldin verði tíund til fátækra af tæðu jarðagózi, megið þér seinna búast við úrskurði stjórnarráðsins. Þar sem þér, herra stiptamtmaður, hafið lagt til með í öðru bréfi, dagsettu s. d., að verja megi að vetri komanda allt að 500 rd. af umboðstekjunum á Vestmannaeyjum, til þess að láta girða og rækta tún, er síðan skyldi byggja landsetum, og afgjaldið renna í umboðssjóðinn, skal því að endingu bætt við, að stjórnarráðið hefir áformað að leggja uppástungu um það fyrir ríkisþingið.